

9. **Tengivegir vestan Digranesvegarbrúar:** Bönnuð hægri beygja af nyrðri tengivegi á þann syðri.
10. **Vegur að Félagsheimili:** Umferð um veginn viki fyrir umferð um Skeljabrekku og bráðabirgðaveg 7. (tölul.), sbr. niðurlag 8. töluliðar.
11. **Hraunbraut/Urðarbraut:** Hraunbraut lokist við Urðarbraut (algjör lokun).

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 30. desember 1971.

Sigurgeir Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	8
2.	11
3.	21
4.	21
5.	32
6.	51
7.	74
8.	106
9.	143
10.	171

2. gr.

Í 3. málsg. 4. gr. komi „2400 krónur“ í stað „1700 krónur“.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 11.00 (2. áhættuflokkur).
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 106.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 106.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 1550.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 143.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 171.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri 171.00 kr. (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 15.50 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 420
— rafstöðvar	— 210
— súgþurrkunartækis	— 210
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 210
— bifhjóls	— 690
— reiðhjóls með hjálparvél	— 690

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971, um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1972. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 33 21. febrúar 1971, um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964, um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1972.

Árið 1972 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, vera kr. 105.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.